



Vestmannaeyjabær

Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 141/1036  
komudagur 18.2.2013

Vestmannaeyjum, 13. febrúar 2013  
erindi nr. 201106088 FMR

**Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: til umsagnar frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjald**

Á 2948. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 12.2.2013, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Fyrir bæjarráði lá minnisblað vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög). Bæjarráð harmar að enn og aftur skuli riðið á vaðið við að stokka upp fiskveiðistjórnunarkerfi sem reynst hefur þjóðinni arðbært. Svo mikil er asinn í þetta skipti að bæjarráði er gert að veita frumvarpi umsögn áður en það er lagt fram á þingi. Í pósti sem sveitarfélögum var sendur fyrir hönd Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur 1. varaformanns atvinnuveganefndar stendur að atvinnuveganefnd muni gefast skammur tími til þess að fjalla um málið og viðtakendur beðnir um að vera viðbúnir að taka við beiðnum nefndarinnar næstu vikuna. Bæjarráð Vestmannaeyja mótmælir þessum vinnubrögðum og minnir atvinnuveganefnd og Alþingi á að hér er ekki einungis um að ræða undirstöðu byggðar í Vestmannaeyjum heldur sjálfan höfuð atvinnuveg þjóðarinnar. Bæjarráð krefst þess að alþingi og nefndir þessi gefi sér góðan tíma í umfjöllun um þetta stóra mál. Bæjarráð óskar hér með eftir því að bæjarstjóri leggi fram minnisblað um áhrif þessa frumvarps fyrir Vestmannaeyjar. Bæjarstjóri óskar bókað. Að sjálfsögðu mun bæjarstjóri verða við beiðni bæjarráðs. Það skal þó áréttast að kostnaður Vestmannaeyjabæjar af umsögnum um þessi frumvörp og vinna þar að lútandi hleypur orðið á milljónum bæði vegna útlagðs kostnaðar og vinnu starfsmanna sveitarfélagsins. Sá kostnaður er þó hjómið eitt miðað við þann kostnað sem samfélagið hefði orðið af hefðu fyrir frumvörp orðið að lögum og því mikilvægt að baráttunni verði haldið áfram.

RÁÐHÚSINU  
902 VESTMANNAEYJUM  
PÓSTHÓLF 60  
SÍMI 488-2000  
TELEFAX 488-2001  
KENNITALA 690269-0159



*Vestmannaeyjabær*

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,

  
Fjola Margrét Robertsdóttir  
Þjónustufulltrúi



RÁÐHÚSINU  
902 VESTMANNAEYJUM  
PÓSTHÓLF 60  
SÍMI 488-2000  
TELEFAX 488-2001  
KENNITALA 690269-0159